

Fundargerð háskólaráðs
380. fundur fimmtudaginn 23. febrúar 2017
Borgir, 262

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:32.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Elvar Jónsson varafulltrúi menntamálaráðherra (í síma)
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs (í síma)
Guðmundur Kristján Óskarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Ragnar Stefánsson, formaður stjórnar vísindasjóðs HA
Sædís Gunnarsdóttir, verkefnastjóri stjórnsýslu rannsókna

Rektor kynnti dagskrá.

1. Samþykkt fundargerðar 379. fundar

1701004

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

2. Mál til kynningar

- Stofnun Auðnu
Rektor sagði frá stofnun tækniyfirfærsluskrifstofu fyrir rannsókna- og háskólasamfélagið á Íslandi, sem hefur fengið nafnið Auðna. HA er þátttakandi í verkefninu og er Hjörleifur Einarsson fulltrúi HA (og háskóla á landsbyggðinni) í stjórn.
- Tilkynning um nýjan staðgengil rektors
Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs hefur verið skipuð staðgengill rektors árið 2017.

- Veikindi starfsfólks
Rektor sagði frá því að óvenjulega mikið er um veikindi hjá lykilstarfsfólki. Forstöðumaður fjármálasviðs og gæðastjóri eru frá vegna veikinda, s.l. vikur og næstu vikur. Einnig hafa fleiri starfsmenn verið mikið frá vegna veikinda. Vegna vinnslu náms- og kennsluskrár hefur Arnheiður Eyþórsdóttir, fulltrúi í gæðaráði og Bologna-teymi, verið sett gæðastjóri til 24. mars, en þá er gert ráð fyrir að gæðastjóri snúi aftur til starfa.

3. Rekstur

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið. Hann sagði frá því að rekstur skólans 2016 væri í jafnvægi og niðurstaðan yrði jákvæð. Lokauppgjör 2016 liggur ekki fyrir en mun liggja fyrir í mars og lagt fyrir á næsta fundi háskólaráðs.

Ólafur fór einnig yfir það aukafjármagn sem háskólanum var úthlutað í fjárlögum 2017. Fjárveitingarbréf hefur ekki enn borist frá ráðuneytinu en ráðuneytið hefur ekki gert athugasemdir við rekstraráætlun 2017 sem háskólinn sendi inn, og því er gert ráð fyrir þessum aukafjárveitingum og talið að um óformlegt samþykki ráðuneytisins sé fyrir hendi. Ólafur nefndi einnig að á árinu 2017 yrði farið í áframhaldandi viðræður við menntamálaráðuneytið með það að markmiði að tryggja að þessi aukafjárveiting verði að fastri fjárveitingu til næstu ára.

Rektor benti á að við samþykkt náms- og kennsluskrár gæti þurft að taka afstöðu til námsframboðs og þróunar til næstu ára, m.t.t. til stefnu til framtíðar, án þess endilega að horfa á rekstrarþáttinn. Þar gæti þurft að horfa til þátta eins og fjölda nemenda í námsleiðum o.fl.

Ólafur fór yfir stöðuna í lögreglufræðináminu en samkvæmt viðauki við samning HA og ráðuneytisins, sem gerður var um námið er gert ráð fyrir að HA geri sérstakan samning við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSSL) um fyrirkomulag þess hluta námsins sem snýr að verk- og starfsnámi, en sá hluti námsins fer fram hjá MSSL. Fyrir liggja fyrstu drög að samningi á milli HA og MSSL en í þessum drögum er farið fram á að HA greiði ýmsan kostnað sem tengist starfsnáminu en ekki er um skilgreindar upphæðir að ræða. Hins vegar kemur fram í útboðsgögnum ráðuneytisins að verk- og starfsnám sé fyrir utan þátt námsins sem HA í raun bauð í. Það er ljóst að þessi samningsdrög eru ekki aðgengileg af hálfu HA. Það þarf því að fara í viðræður við menntamálaráðuneytið um þessa skiptingu fjármagns.

4. Nemendatölur vormisseris

Rektor kynnti nemendatölur vormisseris 2017. Nemendur í framhaldsnámi eru samtals 305 (inn í þessa tölu vantar reyndar u.þ.b. 12 nemendur í meistaranámi á viðskipta- og raunvísindasviði þar sem þeir eru í rannsóknartengdu námi og ekki skráðir í námskeið) og nemendur í grunnámi

eru samtals 1435. Rektor vakti athygli á ákveðnu ójafnvægi á milli námsbrauta, þar sem sumar eru mjög fjölmennar á meðan aðrar eru mjög fámennar.

5. Úthlutun úr rannsóknasjóði HA

1612002

Ragnar Stefánsson, formaður stjórnar vísindasjóðs HA og Sædís Gunnarsdóttir, verkefnastjóri stjórnarsýslu rannsókna komu inn á fundinn til að kynna úthlutun úr rannsóknasjóði HA, en úthlutað var í lok janúar. Sótt var um 33.6 milljónir, en 14 milljónum var úthlutað. Samtals 20 umsóknir af 28 fengu styrk.

Ragnar útskýrði verklag og verkaskiptingu stjórnar við úthlutunarferlið. Úthlutunin gekk vel en skerpa þarf á reglum og laga ákveðna hnökra sem þetta fyrsta úthlutunarferli í þessu formi leiddi í ljós.

Eftir að úthlutun var lokið komu í ljós að mistök höfðu átt sér stað við meðferð einnar umsóknar, þar sem ekki var horft til kostnaðaráætlun viðkomandi við mat á umsókn. Þegar mistökin komu í ljós endurmat stjórnin umsóknina og þetta hafði áhrif á einkunnagjöf stjórnarinnar fyrir umsóknina og á afstöðu stjórnar til umsóknar viðkomandi. Formaður stjórnarinnar óskar eftir aukafjármagni (kr. 700.000) til sjóðsins svo hægt sé að úthluta viðkomandi styrk í samræmi við meðferð annarra umsókna þar sem hér var um mistök stjórnar að ræða. Ef ekki er hægt að úthluta aukafjármagni nú þá leggur formaður til að afgreiðsla umsóknarinnar verði sett í bið þar til fjármagn í sjóðinn fæst.

Háskólaráð telur að hér sé um mistök að ræða og megi þau mistök ekki koma niður á umsækjandanum, sem skilaði inn öllum tilskildum gögnum og góðri umsókn, sem hefði fengið styrk ef ekki hefði verið um þessi mistök að ræða. Háskólaráð samþykkir því að veitt verði aukafjármagni í rannsóknasjóð HA, kr. 700.000 til að afgreiða viðkomandi styrkumsókn samkvæmt reglum.

Berglind yfirgefur fundinn kl. 15:00

6. Kennslualmanak 2017-2018

Drög að kennslualmanaki næsta háskólaárs lögð fram til kynningar. Um drög er að ræða og verður lokaútgáfa lögð fram á marsfundi. Lagt er til að kennslulotur verði hluti af kennslualmanaki og þeim bætt inn.

7. Náms- og kennsluskra 2017-2018

Náms- og kennsluskra 2017-2018 liggur því miður ekki fyrir, að hluta til vegna veikinda gæðastjóra. Náms- og kennsluskra mun liggja fyrir á marsfundi.

Rektor lagði fram spurningu um hvort fulltrúar í háskólaráði sjái fyrir sér einhverjar meiri háttar breytingar á námsframboði háskólans á næstu árum.

Bent var á að efla þyrfti meistaranám við skólann í ljósi stefnu skólans að bjóða upp á doktorsnám. Einnig var bent á að það þyrfti að undirbúa HA vegna breytinga á undirbúningi nemenda sem koma úr námi skv. nýrri þriggja ára námskrá framhaldsskólanna.

Háskólaráðsfulltrúar eru sammála um að engar meiriháttar breytingar séu framundan í námsframboði til næstu þriggja ára, að öðru leyti en að styrkja það framboð sem nú er, dýpka það og bæta.

- **Ný námskrá í iðjuþjálfunarfræði**

Arnheiður Eypórsdóttir, staðgengill gæðastjóra, kom inn á fundinn til að kynna námskránnu.

Ný námskrá í iðjuþjálfunarfræði hefur áður verið kynnt háskólaráði og er nú lögð fram til staðfestingar og samþykktar háskólaráðs.

Námskráin hefur verið samþykkt í gæðaráði og framkvæmdastjórn.

Um er að ræða breytingu sem felst í að aðlaga námið að Bologna-ferlinu og um verður að ræða 3 ára BS nám og svo þurfa nemendur að bæta við sig fjórða árinu (sem er að stórum hluta starfs- og vettvangsnám) til þess að öðlast full starfsréttindi sem iðjuþjálfari.

Háskólaráð samþykkir nýja námskrá í iðjuþjálfunarfræði.

8. Rannsóknamisseri fyrir doktorsnema/nýdoktora

Rektor óskar eftir afstöðu háskólaráðs um hvort eigi að úthluta aftur aukarannsóknamisserum til starfsfólks í doktorsnámi eða sem hefur nýlokið við doktorsnám en uppfyllir ekki skilyrði reglna um rannsóknamisseri. Ekki er um fjárhagslega spurningu að ræða þar sem svigrúm er fyrir hendi til úthlutunar á rannsóknamisserum. Markmiðið er að fjölga starfsmönnum háskólans með doktorsgráðu og stuðla að auknum rannsóknum.

Rektor leggur til að þetta verði kynnt fyrir starfsmönnum sem veiting aukarannsóknamissera til starfsfólks í doktorsnámi og nýdoktora, með það að markmiði að fjölga doktorsmenntuðu starfsólki og styðja við rannsóknir nýdoktora og að úthlutunin verði í samræmi við óskir sviðsforseta út frá þörfum sviðanna. Þá verður um að ræða ákvörðun sviðsins í samræmi við þarfir sviðsins. Um væri að ræða rannsóknamisseri á almanaksárinu 2018. Rektor leggur fram lokatillögu á marsfundi.

9. Starfsreglur háskólaráðs HA

Lögð fram drög að starfsreglum háskólaráðs HA. Óskað eftir að fulltrúar skoði málið vel og komi á framfæri athugasemdum. Stefnt er að því að samþykkja reglurnar í maí.

Elvar yfirlag fundinn kl. 15:35.

10. Stefnumótun

Stefnumótunin hefur ekki farið aftur af stað vegna fjarveru lykilstarfsmanna í framkvæmdastjórn en gert er ráð fyrir að farið verði aftur af stað nú í mars. Þór Clausen mun vinna áfram með skólanum í stefnumótunarferlinu.

11. Önnur mál

- **Reglur um Heilbrigðisvísindastofnun HA**

Lagðar fram til samþykktar reglur um Heilbrigðisvísindastofnun HA. Reglurnar samþykktar.

- **Samstarf við Tækniháskólann í Murmansk.**

Rektor sagði frá því að háskólinn væri að skoða málið og mögulegt samstarf, í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.